

Sp. 525. Tillaga til þingsályktunar [244. mál]

um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að efna til endurskoðunar á stjórnarskránni. Undirbúningur þess verks skal falinn ellefu manna stjórnarskrárnefnd, er þannig sé skipuð, að Alþingi kýs sjö menn, Hæstiréttur nefnir tvo og lagadeild Háskóla Íslands aðra tvo. Forsætisráðherra kveður nefndina saman til fyrsta fundar. Nefndin skiptir sjálf með sér störfum.

Stjórnarskrárnefndin skal semja frumvarp til nýrrar stjórnarskrár.

Stjórnarskrárnefnd gefur þeim hagsmuna- og áhugamannasamtökum í landinu, er hún telur ástæðu til, kost á að láta í té tillögur um endurbætur á stjórnarskránni.

Nefndin skal haga störfum svo, að leggja megi tillögur hennar fyrir Alþingi 1974. Kostnaður við störf stjórnarskrárnefndar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Stjórnarskrá Íslands er að stofni til nær eitt hundrað ára gömul. Kristján konungur níundi gaf Íslendingum stjórnarskrána árið 1874, á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar. Stjórnarskráin hafði ýmsar umbætur að færa landsmönnum, en um marga hluti var henni áfátt.

Síðan hefur stjórnarskránni verið breytt níu sinnum. 1903 fengum vér innlendan ráðherra, búsettan á Íslandi. 1915 öðluðust konur kosningarrétt, og ýmsar fleiri breytingar voru gerðar. 1920 var stjórnarskránni breytt til samræmis við sambandslögin. 1934 var kjördæmaskipun landsins breytt og kosningarréttur lækkaður úr 25 árum í 21. Árið 1942 var kjördæmaskipuninni enn breytt, og sama ár var gerð önnur stjórnarskrárbreyting til þess að greiða fyrir stofnun lýðveldis. 1944 var lýðveldið stofnað og þær breytingar gerðar, sem leiddi af sambandsslitum við Danmörku. 1959 var landinu skipt í 8 kjördæmi með hlutbundnum kosningum, og gildir sú skipan enn. Loks var gerð sú breyting 1968, að kosningaraldur var færður úr 21 í 20 ár.

Allar þessar breytingar hafa snúizt um einstök atriði, að vísu mjög veigamikil, en heildarendurskoðun á stjórnarskránni hefur aldrei farið fram. Í sambandi við lýðveldisstofnunina var fyrirhugað að framkvæma slíka endurskoðun og að setja landinu nýja stjórnarskrá. En úr því varð ekki.

Stjórnarskrá Íslands er úrelt um marga hluti, sem eðlilegt er. Þær gjörbreyt-

ingar hafa orðið síðan er hún var sett varðandi þjóðlífið allt, hugmyndir manna um atvinnumál, stjórnsmál og félagsmál, viðhorf ríkisvaldsins gagnvart fólkinu og mannréttindi, að margt þarf að endurskoða og breyta og öðru við að auka og gera nýmæli.

Um leið og það er undirstrikað, að með tillögu þessari er ráðgerð endurskoðun á öllum ákvæðum stjórnarskrárinnar, skulu hér rakin nokkur atriði, sem flutningsmaður vill sérstaklega benda á til athugunar:

1. Skipun Alþingis, hvort þingið skuli vera ein málstofa; starfshættir Alþingis og starfsaðstaða.
2. Kjördæmaskipun. Kannað sé með hliðsjón af íslenskri reynslu og úrlausnum annarra þjóða, hvort unnt sé að samræma á viðhlítandi hátt einmenningskjördæmi og hlutfallskosningar.
3. Kosningarréttarskilyrðin.
4. Kosningaskylda, hvort á móti kosningarrétti eigi að skylda hvern kjósanda til þess að neyta atkvæðisréttar að forfallalaus.
5. Þingræðið, hvort setja skuli í stjórnarskrána reglur um þingræðið og um heimild forseta til þess að skipa minnihlutastjórn og utanþings- eða embættismanna- stjórn. Athuga þarf leiðir til þess að draga úr hættu á langvarandi stjórnar- kreppum.
6. Þingflokkar eru orðnir svo mikilvægur þáttur í störfum Alþingis og stjórn þjóð- mála, að eðlilegt er, að í stjórnarskránni séu reglur um starfsemi þingflokka, réttindi og skyldur.
7. Fjárlög. Lögfest verði í stjórnarskránni, að fjárlög skuli afgreidd frá Alþingi, áður en fjárhagsárið hefst, þ. e. fyrir áramót. Athugaðar séu leiðir til þess að takmarka útgjaldahækkanir.
8. Vernd lýðræðisins.
9. Þjóðaratkvæði. Settar verði um það reglur, hvenær heimilt skuli eða skylt að bera mikilvæg mál undir þjóðaratkvæði.
10. Valdsvið og verkefni forseta Íslands. Meðal annars verði endurskoðuð nógild- andi ákvæði stjórnarskrár um staðfestingu laga og synjun forseta.
11. Ármaður ríkisins, hliðstæður umboðsmanni þjóðþinga í nágrannalöndum, hafi með höndum eftirlit með starfsemi stjórnvalda, til öryggis borgurum landsins.
12. Dómaskipun. Ákveðið verði í stjórnarskránni, að Hæstiréttur sé æðsti dómstóll í íslenskum málum og hve margir séu dómáramar þar. Grundvallarskipun dóms- valdsins verði ákveðin í stjórnarskránni og reynt að tryggja eftir föngum, að dóm- arar séu öllum óháðir og sjálfstæðir í starfi.
13. Í stjórnarskránni verði ákveðið, að dómstólar skeri úr ágreiningi um það, hvort lög séu samrýmanleg stjórnarskránni.
14. Almennir dómstólar eða Hæstiréttur einn dæmi í málum út af embættisrekstri ráðherra.
15. Hæstiréttur, en ekki Alþingi, skeri úr um lögmati alþingiskosninga og kjörgengi þingmanna.
16. Ákveðið verði í stjórnarskránni, að óháður embættismaður, saksóknari ríkis- ins, fari með ákærvaldið.
17. Skýr ákvæði verði sett um stöðu sveitarfélaganna í því skyni að tryggja sjálfs- forræði þeirra. Jafnframt séu athugaðar hugmyndir og tillögur um nýja um- dæmaskipun eftir fjórðungum, kjördæmum og öðrum mörkum.
18. Athugað verði, hvernig dreifa megi valdi og verkefnum hins opinbera, sbr. m. a. 17. lið, og koma í veg fyrir samsöfnun valds og verkefna á fáa staði og fárra hendur.
19. Stuðningur ríkisins við kirkju og kristindóm.
20. Réttur allra manna til vinnu og ákvæði um vinnuvernd.
21. Réttur manna til menntunar, opinber aðstoð í því skyni og jöfn menntunarað- staða.

22. Réttur til trygginga vegna sjúkdóma, slysa, örorku, aldurs, missis fyrirvinnu og réttur til læknishjálpar og sjúkrahúsvistar.
23. Friðhelgi heimilis og einkalífs.
24. Eignarrétturinn og vernd hans.
25. Ákvæði stjórnarskrárinnar um prentfrelsi þarf að endurskoða með hliðsjón af þróun fjölmiðla.
26. Öll mannréttindaákvæði, auk þeirra, sem talin hafa verið hér á undan, þarf að endurskoða með tilliti til mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og sáttmála Evrópuráðsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
27. Náttúruvernd.
28. Stuðningur við listir og visindi.
29. Forgangsréttur Íslendinga til allra náttúruauðlinda lands og landgrunns.
30. Athuga þarf aðferðina við breytingar á stjórnarskránni yfirleitt, einkum hvort eigi skuli bera allar stjórnarskrárbreytingar beinlínis undir þjóðaratkvæði.